

G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Þorlákshafnar skal árlega greiða vatnsskatt. Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal vera 0,37% af framreiknuðu gildandi matsverði húss og lóðar. Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið. Lágmarks vatnsskattur skal vera kr. 5 000 á ári.

3. gr.

Notkunargjald skv. vatnsmæli.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í þau hús sem hún telur ástæðu til og skal notandi greiða kr. 11.00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Mælaleiga er kr. 2 500.00 fyrir árið. Bílaþvottaplön skulu greiða kr. 25 000 yfir árið.

4. gr.

Vatn til landshafnar.

Vatn til landshafnar er ætlað til skipa og báta, það er selt eftir magni. Landshöfn selur síðan vatnið til skipa og báta. Settir verða mælar á vatnsæðar er liggja að hafnargörðum. Vatnsveitan leggur til mælana og umbúnað þeirra og annast viðhald þeirra. Í leigu skal greiða kr. 5 000.00 fyrir hvern mæli/ár.

Verð á 1 m³ vatns til landshafnar er kr. 30.00.

5. gr.

Fyrir önnur vatnsnot þar sem mælingu verður eigi við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

6. gr.

Stofngjöld.

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað. Mælar eru ekki settir í íbúðarhús.

7. gr.

Í stofngjald skal greiða kr. 33.00 fyrir hvern fermetra lóðar fyrir einbýlishús, tvíbýlis-, raðhús og fjölbýlishús.

8. gr.

Ef um er að ræða óvenju langar og kostnaðarsamar heimtaugar, skal húseigandi greiða það, sem talist getur umfram eðlilegan kostnað heimtauga.

9. gr.

Stofngjald samkvæmt ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

10. gr.

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu Ölfushrepps jafnframt mun skrifstofa Ölfushrepps annast innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

11. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess að notkunar- eða fasteignagjald hefur eigi verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubrési Ölfushrepps eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í reglugerð fyrir vatnsveitu Ölfushrepps Þorlákshöfn skal húseigandi greiða kr. 2 000.00 í opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

12. gr.

Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll gjöldin eða hvert um sig allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Gjöld miðast við byggingavísitölu frá Hagstofu Íslands, sem sett var 100 stig í október 1975. Breyting leyfileg í samræmi við það þó ekki hærri en 50%.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1922 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. september 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um A-gatnagerðargjöld í Þorlákshöfn í Ölfushreppi.****1. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í Þorlákshöfn, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Gatnagerðargjald vegna nýbygginga skal miðast við fermetir í lóð sem hér segir:

Einbýlishúsalóðir	kr. 888.00 pr. m ²
Raðhúsalóðir	— 400.00 pr. m ²
Atvinnurekstrarlóðir hvers konar	— 329.00 pr. m ²

Einingaverð þessi eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar 1986 stig 1. nóvember s. l.

4. gr.

Gjöld vegna íbúðarhúsalóða breytast árlega skv. vísitölu byggingakostnaðar sem gildir um áramót, en vegna atvinnurekstrarlóða breytast þau með vísitölu byggingakostnaðar hverju sinni.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis